



BORGARSKJALASAFN REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 177

Pórdís Guðnadóttir Bridde

(1899-1993)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 177

Þórdís Guðnadóttir Bridde

(1899-1993)

Þórdís var fædd á Eyrarbakka 19. sept. 1899 og lést 11. okt. 1993 í Reykjavík.

Foreldrar hennar voru Ólöf Andrésdóttir frá Bílsfelli í Grímsnesi, Árnessýslu, f. 2. sept. 1868, d. 31. des. 1957 og Guðni Jónsson, frá Skeiðhá-Holti, Skeiðahreppi, Árnessýslu, f. 6. janúar 1862, d. 17. sept. 1911.

Guðni starfaði sem innanbúðarmaður í verslun á Eyrarbakka sem höndlaði með ýmsan varning og var með þjónustu við skip. Þórdís átti eina systur, Elínu, sem starfaði yfir fimmtíu ár hjá Sveinbirni Jónssyni hrl. og einn hálfbróður, Andrés Sveinbjörnsson, síðar hafsögumaður í Reykjavík Fjölskyldan bjó á Búðarstíg 2 á Eyrarbakka. Tíu ára gömul flyst Þórdís með fjölskyldu sinni til Reykjavíkur. “Þetta var árið 1910 og farið var á hestvagni sem var yfirbyggður. Ferðin tók tvo daga. Það hafa eflaust verið blendnar tilfinningar sem tíu ára stúlka hefur haft þar sem hún sat á þessum hestvagni á leið út í óvissuna. Hún sagði mér frá því að þarna á vagninum hefði hún hugsað að þegar til Reykjavíkur kæmi þá væri þar stórt hlið sem á væri letrað gullnum stöfum velkomin. En annað kom á daginn og þorpið Reykjavík 1910 var ekkert fallegra en litla þorpið hennar Eyrarbakki. Væntingar tíu ára stúlku brugðust, og fátækt varð raunveruleiki.” (Mbl. 22.10.1993, s. 34).

Maður Þórdísar var Alexander Bridde, bakari og konditormeistari og bjuggu hjónin með börnum sínum lengst af á Bárugötu 8 í Reykjavík, á efri hæð þess stóra húss bjuggu einnig móðir Þórdísar og systkini hennar. Þórdís eignaðist þrjú börn með manni sínum; tvö barna þeirra eru látin: Hermann, bakameistari, f. 1927, Guðni rafvirkjameistari, f. 1932, d. 1985 og Ólöf, húsfreyja, f. 1933, d. 1987.

Svala Nielsen færði Borgarskjalasafni kortin að gjöf 10. október 2000, en móðir hennar var æskuvinkona Þórdísar. Safninu hefur einnig borist gögn síðar

Skjalaskrá

Kort, sum hver árituð:

- Nítján fermingarkort í tilefni fermingar Þórdísar 4. maí 1913, afar skrautleg, upphleypt með blúnduverki og silkiborðum, litríkum blómum eða krossi, einnig gyllingu og/eða glimmeri; í hverju korti er laus ör og heldur ullarsnúra örkinni saman við spjöldin; á örkinni er gjarnan mynd og ávallt ljóð eða sálmur, ýmist á dönsku eða íslensku nema hvort tveggja sé; kortin eru öll árituð Þórdísi frá vinum hennar og vandamönnum. Utan á kortunum stendur: Til Konfirmationen, Paa Højtidsdagen, Til Lykke o.p.h. Öll kortin eru mismunandi, þ.e. ekkert þeirra er eins.
- Þrjú afmælskort til Þórdísar frá foreldrum hennar (ca 1903) og vinum, sams konar að gerð og að ofan.
- Tækifæriskort, árituð, tvö þeirra með vísu. Aftan á öðru þeirra er rituð þessi vísa: Gull fer vel á brík og flík / það fegurð strá? vefur / ástarsæla rík, er slík / er sveinn án tála gefur; hitt er sumarkveðjukort, 1921, á því er þessi vísa: Gleðilegt sumar göfuga mæð / Gleðilegt sumarið bjarta / Gleðilegt sumar gæfu þér fær / Gleðilegt sumar í hjarta.
- Jóla- og nýárskveðjukort, 1913, 1914, 1932, 1948 og 1951-1952; eitt þeirra "til styrktar nauðstöddu fólki í Noregi".
- Nokkur póstkort með íslenskum landslagsljósmyndum í lit (Edward Sigurgeirsson, Akureyri, Egill Jacobsen & verzlunin Björn Kristjánsson, Reykjavík).
- Kort af Alþingishátíð á Þingvöllum 1930 (Foto, A.G. Breidal, Chr. Andersens Forst. Anstalt, Aalborg).
- Nokkur kort af landslagi og mannvirkjum, ca 1927; eitt þeirra með frímerki.
- Kort, brotið saman, með nokkrum landslagsmyndum og þjóðsöngnum (Matthías Jochumsson) á ensku, utan á stendur: Greetings from Iceland.
- Kort með landslagsljósmyndum og tveimur konum í þjóðbúningum, önnur með sérkennilega húfu við upphlut; kortið er lokað með látúnsloku og opnast eins og harmonikka (Björn Jónsson, Reykjavík).
- Tvær ljósmyndir, önnur að öllum líkindum af Geysi (Ólafur Magnússon, Reykjavík), hin úr Reykjavík og tekin sennilega Sumardaginn fyrsta eða 17. júní; fremst á myndinni er drengur með derhúfu; hann er annar sona Þórdísar; aftan á þeirri stendur: Sumar 1931. Þessi drengur er sá sonur Þórdísar sem enn er á lífi (2000).
- Ferming Ólafar Lydíu Bridde, 1949, matseðill, tveir.
- Ljósrit af minningargreinum um Þórdísi G. Bridde úr Morgunblaðinu, 22. október 1993, s. 34.
- Ljósmynd af Þórdísi Guðnadóttur Bridde; Þórdís er sennilega um áttætt á myndinni, klædd peysufötum og með stökkabelti um mittið. Myndin er í pappírskápu.

Fært safninu í nóvember 2001:

- Ljósmynd af Þórdísi Guðnadóttur með systur sinni og annarri konu, myndin er tekin 1. júní 1924 í Reykjavík.
- Ljósmynd af Hermanní Bridde, syni Þórdísar í barnavagni, ca 1927.

Skráð: Ragnhildur Bragadóttir